

Fundargerð

191. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

Þriðjudaginn 3. desember 2013 kl. 12¹⁵–14⁰⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) (fjarverandi) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Halldór Haraldsson (HH)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) (fjarverandi)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Frumvörp
- (3) Smurolíusamningur
- (4) Ársfundur Úrvinnslusjóðs
- (5) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (190. fundar).

2. Frumvörp

Lagt var fram á fundinum frumvarp um meðhöndlun úrgangs sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Umfjöllun um breytingar á meðhöndlun raftækja og niðurlagningu skilakerfa er aðallega að finna í gr. 21 – 29 og 39.gr. Stjórn fór yfir viðkomandi greinar. ÓK fór yfir að álagning úrvinnslugjalds á raftæki mun ekki verða sett fyrir haustþing. Það mun bíða vorþings, enda munu breytingar á skilakerfum vegna meðhöndlunar rr-úrgangs ekki taka gildi fyrir en 1.júlí 2014.

Lagt var fram á fundinum minnisblað um framgang frumvarps um breytingar á úrvinnslugjöldum og skilagjaldi á ökutæki.

ÓK fór yfir það að í 5.gr. í frumvarpi til laga um meðhöndlun úrgangs, eru ákvæði um að sveitarfélög verði að setja ílát við hvert heimili fyrir flokkaðan úrgang þ.m.t. plastumbúðir, pappambúðir, málmumbúðir og glerumbúðir.

3. Smurolíusamningur

ÓK fór yfir að unnið er að yfirferð yfir smurolíusamninginn og stefnt að því að klára þá vinnu 6. desember nk.. Ráðuneytið hefur ennþá ekki staðfest svartolíusamninginn. ÓK leggur það til að stjórn Úrvinnslusjóðs heimili honum að skrifa undir svartolíusamning og senda undirritaðan til UAR.

Samþykkt

4. Ársfundur Úrvinnslusjóðs

Ársfundur Úrvinnslusjóðs verður fimmtudaginn 5. desember kl. 13:30 – 16:30. Ráðherra og formaður sjóðsins flytja ávarp, framkvæmdastjóri fer yfir reikninga og starfið. Þá fjallar gestafyrirlesari, Svein Erik Rødvik frá Grønt Punkt Norge, um söfnun flokkun og endurvinnslu plastumbúða frá heimilum í Noregi.

6. Önnur mál

Engin

Næsti fundur ákveðinn 17. desember 2013.

Fundi slitið kl 14:00